



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. ágúst 2005 - 211. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Lítill batamerki á leik KR

Það voru lítill batamerki á leik KR gegn Íslandsmeisturum FH í Landsbankadeildinni í gær en leikurinn var sá fyrsti hjá Sigursteini Gíslasyni sem þjálfari KR. FH sigraði örugglega, 2-0.



ÍÞRÓTTIR 22

Hættir að leika eftir sex ár

Leikarinn Mark Wahlberg ætlar að hætta að leika þegar hann verður fertugur, en sex ár eru í það. Ástæðan er sú að hann vill einbeita sér að uppeldi tveggja ára dóttur sinnar, Ella Rae.



FÓLK 27

Sérleyfi til manndrápa

Um helgina voru sextíu ár liðin frá aðgerð sem löngum hefur verið réttlætt með sérleyfi til manndrápa: loftárás Bandaríkjamanna á

Hiroshima sem varð um 240 þúsund manns að bana. Engum dettur í hug að Harry S. Truman hafi verið skrímsli á borð við Maó eða Stalín.



SKOÐUN 16

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR SUNNAN OG VESTAN Þurr að kalla á Norður- og Austurlandi en fremur skýjað. Hlýtt í veðri með hita á bilinu 12-19 stig, hlýjast norðaustanlands.

VEÐUR 4



GÁMUR DREGINN TIL HAFNAR Tveir gámar fuku af hafnarbakknum í Kópavogi og út í sjó. Gámana rak upp á Löngusker þangað sem björgunarskip Björgunarfélags Hafnarfjarðar sótti þá. Hjálparsvæði skáta í Kópavogi aðstoðaði við að koma gámunum til hafnar. Sjá síðu 6

Gámar fuku í sjóinn

Björgunarsveitarmenn á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum sinntu tugum hjálparbeiðna í gær. Margt lauslegt tókst á loft en skemmdir voru ekki miklar. Vindur mældist 43 metrar á sekúndu í sterkustu hviðunum.

VEÐUR Þakplötur losnuðu af húsum og vinnupallar tókust á loft þegar strekkingsvindar léku um höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin í gærmorgun. Garðhúsgögn, grill, trampólín og skjólveggir fuku úr gördum og tjaldvagnar færðust úr stað á bílastæðum. Þá losnuðu tveir bátar frá bryggju í Possvogi og rak á fjörur á Álftanesi.

Að líkindum voru þó markverðustu áhrif hvassviðrisins þau að tveir gámar fuku af hafnarbakknum í Kópavogi og út í sjó. Rak þá upp á Löngusker í Skerjafirði.

„Fólk er ekki undir þetta búið á þessum árstíma,“ segir Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Fjórutíu björgunarsveitarmenn

tóku þátt í aðgerðum gærdagsins sem hófust um átta leytið á Suðurnesjum og um ellefu á höfuðborgarsvæðinu.

„Menn eru með lausa hluti á byggingasvæðum sem ekki er búið að fergja og því takast þeir á loft þó að vindurinn sé kannski ekki mjög mikill,“ segir varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík en á hans borð höfðu borist örfáar tilkynningar um fjúkandi hluti.

Fréttir af veðrinu fóru misjafnlega í menn og eru dæmi um að fólk hafi ekki hætt sér út úr húsi. „Það hringdi hingað ung kona því hún náði ekki sambandi við almannavarnir. Hún vildi fá upplýsingar um hvort henni væri óhætt að fara úr Grafarvoginum suður í

Kópavog,“ segir varðstjórinn. Hvassviðrið þurfti ekki að koma nokkrum manni á óvart, því hafði verið spáð og veðurfréttamenn raunar hvöttu fólk til að huga að lausum munum.

Óli Þór Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir vind í sterkustu hviðunum í gær hafa mælst 43 metrar á sekúndu. Var það um hádegisbil undir Hafnarfjalli. Vindur hafi hins vegar verið að jafnaði um 20 metrar á sekúndu.

Óli vill ekki ganga svo langt að kalla lögðina fyrstu haustlögðina en neitar því ekki að á henni sé haustbragur. „Ætli síðsumarslægð sé ekki nærri lagi,“ segir hann.

bjorn@frettabladid.is

Sex björguðust úr eldsvoða

LÖGREGLUMÁL Sex björguðust þegar eldur kom upp í veiðihúsi við Geirlandsá á fjórða tímanum í fyrrinótt. Var mildi að lögreglumenn voru í grenndinni og voru þeir fljótir á vettvang en fólkíð vaknaði við reykskynjara og flýtti sér út klæðalítið.

Húsið er mikið skemmt en þó ekki ónýtt að mati lögreglu en það er í eigu Stangaveiðifélags Keflavíkur.

Eldsuptökin eru talin hafa verið frá kolagrilli við annan gafl þess en slökkvistarf gekk greiðlega eftir að slökkvilið kom á staðinn.

- aðe



FIMMTÁNDA BANASLYSIÐ Á ÁRINU Ungur maður lét lífið eftir árekstur vélhjól hans og bíls sem kom úr gagnstæðri átt.

Reykholar:

Piltur lést í vélhjólslaslysi

LÖGREGLUMÁL Ungur piltur á vélhjól lést samstundis í fyrrinótt eftir að hjól hans lenti í árekstri við bifreið skammt frá Reykhólum á Vestfjörðum.

Rannsókn slyssins stóð yfir í gærdeg en ekki lá ljóst fyrir hverjar orsakir þess voru þegar Fréttablaðið fór í prentun. Var óskað aðstoðar þyrilu Landhelgisgæslunnar en lækur hafði úrskurðað piltinn látinn áður en hún kom á vettvang. Ökumaður bifreiðarinnar var fluttur á sjúkrahús en reyndist ekki hafa slasast alvarlega.

Þetta er fimmtánda banaslysið í umferðinni á þessu ári.

- aðe

Erfiðri geimför bandarísku geimferjunnar er að ljúka:

Discovery kemur til jarðar í dag

HOUSTON, AP Áætlað er að geimferjan Discovery lendi við Canaveralhöfða í Flórída í dag. Áhöfnin lauk undirbúningi sínum fyrir ferðina til jarðar í gærmorgun og æfði landinguna ítrekað í tölvuhermi.

Veðurspáin lofar góðu fyrir landinguna og hefur ferðin tekist nokkuð vel að mati bæði vísindamanna hjá NASA og áhafnar ferjunnar. Mönnum er þó enn í fersku minni Columbia-slysið sem varð þegar geimferjan Columbia var í aðflugi fyrir hálfu þriðja ári. Hún tættist í sundur og tugum tonna af braki rigndi yfir Texas og Louisiana. Áhöfn Discovery og íbúar alþjóðlegu geimstöðvarinnar áttu saman stund áður en Discovery lagði af stað heim á leið til að minnast þeirra sem létust í Columbia-slysinu.



GEIMFERJAN DISCOVERY Landingin var æfð ítrekað í tölvuhermi í gær og veðurspáin lofar góðu.

Undanfarna daga hefur Discovery legið við alþjóðlegu geimstöðina þangað sem hún bar tækjabúnað, vistir og mannskap. Farið var í þrjár geimgöngur og gerðar prófanir á því hvernig bera skal sig að ef laga þarf hitahlífar

ferjunnar úti í geimi. Þessi ferð Discovery gengur undir nafninu „Return Flight“, eða „flogið aftur“ og vísar nafnið til þess að ekki hefur verið flogið á geimferju síðan Columbia-slysið varð.

- oá

LANDIÐ ALLT

Lestur á mánudögum 20-40 ára*

72%



36%



24%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á mánudögum.

VÍKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Gunnar, þurfið þið ekki að finna ykkur eitthvað annað að gera?

Það er nú það sem ég óttast minnst í mínu starfi að hafa lítið að gera.

Unnið er að þróun bóluþefnis gegn flensu. Gunnar Ingi Gunnarsson er heimilislæknir í Árbænum.

Hryðjuverkaárásirnar á Lundúnir líklega skipulagðar í Sádi-Arabíu :

Sádar aðvöruðu Breta

LONDON, AP Bretar fengu aðvörum frá yfirvöldum í Sádi-Arabíu áður en hryðjuverkaárásirnar 7. júlí voru gerðar. Sádi-Arabar höfðu þá látið rekja símtöl hátsettra al-Kaída liða og komust að því að mörg símtöl höfðu verið hringd til Bretlands. Þetta kemur fram í breska dagblaðinu The Observer.

Nú stendur yfir rannsókn á símtölum frá Kareem al-Majati, sem talinn er vera einn höfuðpaura al-Kaída í Sádi-Arabíu, þar sem kannað er hvort hann hringdi sjálfur beint í höfuðpaur árásmannanna í Lundúnum. Einn starfsmaður öryggislögreglu

Sádi-Arabíu tjáði The Observer að símtölin frá al-Majati hefðu gefið til kynna að al-Kaída væri að ráðleggja árásir í Bretlandi mörgum vikum fyrir 7. júlí. Stjórnvöld í Sádi-Arabíu bjuggu þó ekki yfir neinum nákvæmum upplýsingum um stund og stað árásanna né heldur með hvaða hætti þær yrðu.

Þessar fregnir eru líklegar til þess að kastljós rannsakaenda beinist nú frá Pakistan og í auknum mæli að Sádi-Arabíu, sem einmitt er föðurland Osama Bin-Laden, leiðtoga hryðjuverkasamtakanna al-Kaída.



STRÆTISVAGNINN SEM SPRÁKK VID TAVISTOCK SQUARE Kastljós rannsakaenda beinist nú frá Pakistan til Sádi-Arabíu í kjölfar fréttu frá yfirvöldum þar.

NOREGUR

ÁHÖFN UNDIR ÁHRIFUM Allri áhöfn ferju sem gengur milli Molde og Sekken í Noregi hefur verið sagt upp störfum. Áhafnar-meðlimirnir þrjú mældust allir með of hátt alkóhólmagn í blóðinu þegar lögreglan mældi þá í gær en þeir höfðu þá þegar farið eina ferð milli eyjanna þann daginn.

FLEIRI SJÁLFSMORÐ EN TALID

VAR Tvöfalt fleiri Norðmenn fremja sjálfsmorð meðan á sálrænni meðferð stendur en kemur fram í skýrslum sjúkrahúsa segir tímaritið Aftenposten. Talið er að milli 30 og 40 manns hafi framið sjálfsmorð fyrsta hálf árið eftir innlögn á geðdeild eða meðan á meðferð stóð.

Hryðjuverkamaður handtekinn:

Fannst í Sambíu

LONDON Haroon Rashid Aswat, sem grunaður er um aðild að hryðjuverkunum í Lundúnum fyrir mánuði var handtekinn við komuna til Englands í gær. Hann fannst í Afríkuríkinu Sambíu en hans hefur verið leitað víða um heim undanfarnar vikur.

Breskir rannsóknarlögreglu menn segja að Aswat sé grunaður um að hafa þjálfað sjálfsmorðs-sprengjumennina sem sprengdu sjálfa sig í loft upp og auk þess átt þátt í að skipuleggja árásirnar. Aswat er fæddur í Bretlandi og er breskur ríkisborgari. ■

DANMÖRK

LÍK Í ÓÐINSVÉÁ Lík óþekkt manns fannst á reki í ánni sem rennur gegnum miðja Óðinsvé á sunnudag. Lögreglan í Óðinsvé-um rannsakar málið sem grunsamlegt dauðsfall en ekki er ljóst hvort um morð, sjálfsmorð eða slyss er að ræða.

ELDUR Í GRUNNSKÓLA Nemendur grunnskólans í Taastrup í Danmörku fá ekki lengra sumarfrí en vanalega þrátt fyrir að skólinn hafi nær brunnið til kaldra kola í gær. Á tímabili var eldurinn það mikill að erfiðlega gekk að ná stjórn á honum og logaði eldurinn glatt í þrjá tíma. Skólasetning verður stundvíslega 15. ágúst.

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLSLYS Í GRÍMSNESI Vörubíll og fólkabíll skulu saman á veginum við Brú í Grímsnesi um klukkan tvö í gær. Ökumaður vörubílsins var einn í bílnum og slapp með skrámur en fjórar konur voru í fólkabílnum og voru þær fluttar á spítala til aðhlyningar. Þá var einn færður til yfirheyrslu eftir húsleit á Selfossi í gær en hjá honum fundust tíu töflur sem eru taldar vera E-töflur. Manninum var sleppt að lokinni yfirheyrslu og er málið í rannsókn.

Voru tólf tímum frá því að kafna í kafbát

Áhöfn rússneska smákafbátsins AS-28 var bjargað í gær. Kafbáturinn lá á 190 metra dýpi í þrjá daga. Skipstjóri kafbátsins sagði sér líða ágætlega þegar hann var kominn í land. Pútín hefur ekkert tjáð sig um slysið.

RÚSSLAND, AP Björgun rússneska smákafbátsins AS-28 tókst giftusamlega í gær og bjargaðist öll sjö manna áhöfnin. Hann var dreginn að landi til borgarinnar Petropavlosk á Kamtjaskaskaga snemma í gærmorgun.

Kafbáturinn festist í netum og neðansjárloftneti sem notað er til að fylgjast með skipumferð um svæðið á fimmtudaginn og því voru sjómennirnir sjö fastir á hafsbotni í heila þrjá daga. Aðstæðurnar í kafbátinum voru heldur hráslagalegar og hitastigið ekki nema rétt um fimm gráður. Sjómönnum var sagt að klæðast hitagöllum og liggja og reyna að anda eins létt og þeir gátu sem þeir og gerðu meðan þeir biðu á milli vonar og ótta meðan björgunarmenn reyndu allt hvað þeir gátu til að bjarga þeim í kappi við tímann enda er talið að súrefnisbirgðir kafbátsins hefðu ekki dugað nema rétt um hálfan sólarhring í viðbót.

Vyatsjeslav Milasjevski, 25 ára gamall skipstjóri kafbátsins, stóð lengi stoltur við landganginn og heilsaði að hermannasið eftir að kafbáturinn hafði verið dreginn í land. Mátti þó greina bros á annars fölu andliti hans. Þegar blaðamenn spurðu hann svo hvernig honum líði var svarið stutt og laggott: „ágætlega“.

Eftir mikla fagnaðarfundi við fjölskyldur sínar var áhöfnin flutt á spítala þar sem ástand þeirra var kannað. Eiginkona skipstjórans sagðist bæði hafa grátið og dansað af gleði þegar



VYATSJESLAV MILASJEVSKÍ Skipstjóri kafbátsins heilsaði stoltur að hermannasið við komuna til Petropavlosk.

fréttist af giftusamlegu björguninni.

Breskur Super-Scorpio kafbátur, sem er fjarstýrður, var notaður til þess að skera á loftnetið og netadræurnar sem héldu AS-28 pikkföstum á strandstað. Sergej Ivanov, varnarmálaráðgjafi Rússlands, þakkaði í kjölfar björgunarinnar

ar breskum og bandarískum björgunarmönnum fyrir veitta aðstoð. Hann sagði þá hafa gengið hratt og örugglega til verks og sýnt mikla fagmennsku. Athygli og gagnrýni hefur vakið að Vladímír Pútín, forseti Rússlands, hefur nær ekkert tjáð sig um málið.

oddu@frettabladid.is

Árekstur á Þingvöllum:

Þrjú fluttir á sjúkrahús

LÖGREGLUMÁL Þrjú voru fluttir á sjúkrahús á Selfossi eftir harðan árekstur fólkabíls og vörubíls á Þingvöllum um miðjan dag í gær. Meðsl þeirra eru þó ekki lífs-hættuleg.

Orsakir slyssins eru ókunnar en áreksturinn var harður og skemmdist fólkabíllinn mikið. Ökumann vörubílsins sakaði ekki og vildi hann enga aðhlyningu eftir áreksturinn. Vörubíllinn er lítið skemmdur. - aðe

Líkamsrásin í Keflavík:

Enginn lengur í varðhaldi

LÖGREGLUMÁL Mennirnir sex sem lögreglan í Keflavík handtók aðfaranótt laugardagsins vegna líkamsárásar fyrir utan skemmti-staðinn Traffic hafa allir verið látnir lausir en formlegri rannsókn er þó ekki lokið.

Sexmanningarnir lentu í átökum við hóp varnarliðsmanna með þeim afleiðingum að slegið var til eins þeirra með brotinni bjórflösku. Hlaut sá nokkur skurðsár. Fimm Íslendingar og einn erlendur ríkisborgari voru handteknir í kjölfarið. Þeir eru nú allir lausir úr varðhaldi. ■

LÖGREGLUFRETTIR

TEKINN Á 176 KM HRAÐA Lögreglan á Selfossi stöðvaði mann á Þorlákshafnarvegi á 176 kílómetra hraða í gær. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum enda hámarkshraði á veginum 90 kílómetrar.

HRAÐAKSTURINN SMITANDI

Átján aðrir ökumenn í sama umdæmi voru einnig stöðvaðir vegna hraðaksturs. Einnig var fótur einn ökuvaðs ökumanns stöðvaður áður en hann komst af stað.

Ný skýrsla Alþjóðasamtaka evrópskra flugfélaga:

Icelandair óstundvísasta flugfélagið

FLUG Icelandair er óstundvísasta flugfélag innan Evrópu að því er fram kemur í nýrri skýrslu Alþjóðasamtaka evrópskra flugfélaga. Þar var borin saman stundvísi 27 flugfélaga og var Icelandair í því neðsta. „Þetta kom til af fáum löngum töfum vegna bilana og veldur því að við súrurum niður þennan lista,“ segir Guðjón Arngrímsson upplýsinga-fulltrúi Icelandair. Meðal annars hafi sólarhringstöf vegna bilunar í flugi til San Francisco leitt til þess að nokkra daga tók að vinna töfina upp í leiðakerfi flugfélagsins og það telji drjúgt í svona tölfræði.

„Við höfum staðið okkur ljómandi vel gegnumsnætt í þessum samanburði sem gerður er til að félögin viti hvar þau standa,“ segir Guðjón en skýrslan er unnin á grundvelli talna sem flugfélögin sjálf senda inn. Icelandair



ENGIN ÁHRIF Guðjón Arngrímsson, upplýsingafultrúi Icelandair, telur niðurstöður skýrslunnar engin áhrif hafa á mynd eða starfsemi fyrirtækisins.

hefur verið aðili að Alþjóðasambandi flugfélaga og Evrópusambandi flugfélaga í mörg ár og sjá þau um að birta ýmsa tölfræði í hverjum mánuði.

Guðjón telur ólíklegt að þessar niðurstöður hafi nokkur áhrif á mynd eða starfsemi fyrirtækisins enda vekji þær enga athygli nema á Íslandi. - sgi

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina **www.ibudalan.is** og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum - greiðslumatinu og lánsúmsókninni.

Fasteignasalinn sendir síðan kaupþilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is


www.ibudalan.is



FRAMKVÆMDIR VIÐ LAUGAVEG

TÍMABUNDIN LOKUN LAUGAVEGAR

8. ágúst - 7. nóvember 2005



Laugavegi, frá Snorrabraut að Barónsstíg verður lokað vegna endurnýjunar
8. ágúst – 7. nóvember 2005.

Hjáleiðir verða um: Bergþórugötu, Grettisgötu, Hverfisgötu og Barónsstíg.

Beðist er velvirðingar á óþægindum sem lokunin kann að valda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma 411 8000. **Nánari upplýsingar á www.rvk.is/fs**



Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,42	63,72
Sterlingspund GBP	112,77	113,31
Evra EUR	78,4	78,84
Dönsk króna DKK	10,505	10,567
Norsk króna NOK	9,937	10,995
Sænsk króna SEK	8,402	8,452
Japanskt jen JPY	0,5675	0,5709
SDR	XDR	92,97
		93,53

Gengisvísitala krónunnar
109,1413

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allt tiltækt slökkvilið sent að Hafnarstræti á Akureyri:

Sprenging í íbúðarhúsi

SPRENGING „Ég varð nú lítið var við sprenginguna sjálfa en það gaus upp heilmikill reykur,“ sagði Björn H. Sveinsson, íbúi á Hafnarstræti á Akureyri. Allt tiltækt slökkvilið var kallað þangað um miðjan dag í gær eftir að sprenging varð í húsi við götuna og fylltist það af reyk á örskömmum tíma.

Enginn var eldurinn þegar slökkvilið kom á vettvang en íbúar hússins voru þá komnir út heilu og höldnu. Í ljós kom að neisti hafði hlaupið í púðurbirgðir sem eigandi hússins geymdi í kjallara þar sem hann var við vinnu sína. Greiðlega gekk að reykraesta húsið en litlar skýringar fengust á því púðri sem

geymt var í kjallaranum. Taldi slökkvilið líklegast að um byssupúður hefði verið að ræða en magn þess var ekki mikið.

Björn segir mildi að ekki gaus upp eldur vegna þessa enda byggð þétt á þessu svæði og mikill elds-matur í grenndinni. „Það er annað hús þétt upp við þetta og eldur áreiðanlega komist í það líka ef hann hefði kviknað á annað borð. En slökkviliðið var fljótt að afgreiða þetta.“

- aðe

HÆTTAN LÍÐIN HJÁ
Neisti hljóp í púðurbirgðir í kjallara húss við Hafnarstræti en til allrar hamingju gaus eldur ekki upp. Slökkviliðið var fljótt að reykraesta húsið.

Skógareldar í Bandaríkjunum:
Hundrað yfir-gefa heimili sín

BANDARÍKIN, AP Rýma hefur þurft 150 heimili í norðvesturhluta Bandaríkjanna vegna skógarelda sem þar geysa. Eldurinn kviknaði á föstudaginn en ekki hefur enn skýrst hvað olli honum. Ekki er vitað um neinar eldingar undanfarna daga en mjög heitt og þurrt hefur verið lengi á þessum slóðum.

Loka hefur þurft vegum í fylkj-unum Oregon og Montana vegna eldanna og vinna slökkviliðsmenn að því að halda eldnum í skefjum. Áætlanir slökkviliða gera ráð fyrir að lokið verði við að slökkva eldana á miðvikudaginn. ■



FLÓÐ Í KÍNA Mikil flóð urðu í Kína í gær vegna fellibyls. 103 námuverkamenn eru fastir í námu vegna flóðanna.

Námuverkamenn í Kína:

Hundrað fastir í námu

KÍNA 103 kínverskir námuverkamenn eru fastir í námu í Guangdong-héraði í Kína. Þeir festust eftir að flóð lokaði útgönguleiðinni. Björgunaraðgerðir voru í fullum gangi í gærkvöldi en óvíst hvort næðist að bjarga mönnum. Fréttir frá kínverskum stjórnvöldum af atburðinum þykja aukinheldur óskýrar.

Á fyrri helmingi þessa árs hafa 2.700 Kínverjar dáið í námslysum. Á síðasta ári létust 6 þúsund Kínverjar í sprengingum, hrúnum og flóðum í námu. Um tveir þriðju hlutar raforku í Kína eru framleiddir með kolabrennslu. ■



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON Kemur flestum til góða að lækka tekjuskattinn.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON Matarskattinn ber að lækka um helming.



ÖGMUNDUR JÓNASSON Brýnast að hækka skatt á arð og fjármagnstekjur.

Ekki forgangsverkefni að lækka tekjuskatt

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir ekki forgangsverkefni að lækka tekjuskatt. Þingmenn Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins taka misjafnlega í hugsanlega lækkun tekjuskatts og virðisaukaskatts um áramót.

STJÓRN MÁL „Við viljum að allt skattkerfið sé tekið til endurskoðunar með það fyrir augum að færa byrðarnar af herðum þeirra sem hafa litlar eða meðaltekjur og yfir á hina sem hafa úr nógu að spila,“ segir Ögmundur Jónasson, þingflokkformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ögmundur telur nauðsynlegt að skattur á arð og fjármagnstekjur sé hækkaður til jafns við tekjuskatt enda hafi margir tekjur af fjármagni. „Ríkisstjórnin gengur hins vegar í gagnstæða átt og þetta er hluti af stórum pakka sem er ívilnandi fyrir hátekjufólkið í landinu.“

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, er ánægður með

fyrirhugaða skattalækkun þótt honum mislíki margt annað hjá stjórnarflokkunum.

„Þetta er mjög jákvætt og það hlýtur að koma sem flestum til góða að tekjuskatturinn sé lækkaður,“ segir Magnús Þór. Hann tekur undir með Ögmundi um nauðsyn þess að fjármagnstekjuskatturinn verði hækkaður en hann nemur tíu prósentum.

„Það mætti lækka tekjuskattinn ennþá meira ef fjármagnstekjuskatturinn yrði hækkaður. Ég hef hins vegar fengið nóg af launamisréttinu í landinu. Það eru að verða til tvær þjóðir, annars vegar þessir ósælegu ríku og svo við hin, þessir venjulegu þrælur sem erum skattþindir,“ segir Magnús Þór.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar segir svigrúm vera til skattalækkana. „Ég fagna því að til standi að lækka virðisaukaskatt á mat enda hefur Samfylkingin barist lengi fyrir því,“ segir Ágúst Ólafur. „Það er augljóst að það er svigrúm til skattalækkana þó það sé kannski ekki í jafn miklum mæli og ríkisstjórnarflokkarnir telja því við viljum halda uppi öfluglu velferðar- og menntakerfi.“

Ágúst Ólafur segir ekki forgangsatriði að lækka tekjuskatt. Hann segir matarskattinn beri að lækka um helming enda komi það flestum til góða. Breytingar á tekjuskattinum megi svo skoða í framhaldinu.

bjorn@frettabladid.is

Bandaríkjamenn loka sendiráði:
Óttast hryðjuverk

SÁDÍ-ARABÍA, AP Bandaríkjamenn ætla að hafa lokað í sendiráði sínu í Riyadh í Sádí-Arabíu í dag og á morgun vegna ótta við hugsanleg hryðjuverk. Njósni Bandaríkjamanna hafa leitt í ljós að hryðjuverkamenn ráðleggja nú árástir á opinberar bandarískar byggingar í landinu.

Stjórnvöld í Sádí-Arabíu segja ekkert hafa heyrt um hugsanlega hryðjuverkaágn. Sendiherra Bandaríkjanna hefur varað landa sína við og hvetur þá til að láta lítið fyrir sér fara næstu daga á meðan málið er kannað nánar.

Ráðist var á sendiráð Bandaríkjanna í borginni Jiddah í desember og fimm starfsmenn sendiráðsins myrtir. ■



ELDUR Í PORTÚGAL Hitastigið hefur víða farið yfir 40 gráður í suðurhluta Evrópu.

Hitabylgja í Suður-Evrópu:

Tveir látnir í skógareldum

MADRÍÐ, AP Tveir slökkviliðsmenn létust við skyldustörf á Spáni í gær en þar geysa skógareldar víða um landið. Annar hrapaði á slökkviflugvél sinni en hinn kramdist undir bjargi sem féll á hann. Einnig hefur þurft að rýma heimili í Portúgal og suðurhluta Frakklands vegna skógarelda.

Hitastigið er það hæsta sem mælst hefur á Spáni á þessu ári en á laugardaginn fór hitinn yfir 43 gráður. Margir óttast að sagan frá sumrinu 2003, þegar 19 þúsund manns létust í hitabylgju í Evrópu, endurtaki sig. ■


VEÐRIÐ Í DAG

LÆTIN YFIRSTADIN

Þetta kolvítlaus veður sem var í gær í og í nálægð við höfuðborgina er sem betur fer gengið yfir þó að logninu verði ekki fyrir fara í borginni í dag. Það sem gerðist í raun var að hlý lægð sem var fyrir suðvestan land náði séri gott hræfni til að mynda skörp skil. Hér á ég við að hlýja loftið mætti t.t.l. köldu lofti í nálægð við landið og þegar slíkt gerist mæstast stálin stinn sem höfuðborgarbúar fengu að upplifa. Framhaldið er mun skaplegra en nokkuð blautt er í kortunum.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C skúrir	Paris	21°C heiðskirt
Ósló	15°C skýjað-skúrir	Berlín	20°C hálfskýjað
Stokkhólmur	21°C heiðskirt	Frankfurt	18°C hálfskýjað
Helsinki	20°C hálfskýjað	Madrid	41°C heiðskirt
London	23°C heiðskirt	Barcelona	29°C heiðskirt
		Alicante	29°C heiðskirt
		Milano	25°C heiðskirt
		New York	24°C hálfskýjað
		San Francisco	20°C heiðskirt
		Orlando/Florida	34°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

SPARI DAGAR

2005
3.-20. ágúst



...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum



Pioneer
PIONEER DCS-222
HEIMABIÓ

Tilboðsverð:
Kr. 39.900



SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABIÓ

Tilboðsverð:
Kr. 23.900



SHARP
SHARP XL-MP10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA

Tilboðsverð:
Kr. 9.900



Tilboðsverð:
Kr. 9.900

Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI

LOEWE SJÓNVÖRP
AVENTOS 29"
Var á kr.144.900

Nú: kr. 89.900

AVENTOS 32"
Var á kr.189.900

Nú: kr. 124.900

NEMOS 29"

Tilboð: Kr. 99.900



LOEWE.

**15-40%
afsláttur**



Tilboðsverð:
Kr. 74.900

SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP



OLYMPUS
OLYMPUS C760
STAFRÆN MYNDAVÉL
3.2 milljón punkta

Tilboðsverð:
Kr. 24.900



Tilboðsverð:
Kr. 129.900

SAMSUNG LE26A41B
26" LCD
VEGGSJÓNVARP



Tilboðsverð:
Kr.159.000

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN
OG PURRKARINN

AEG

AEG VEGGOFN
AEG HELLUR
OG HÁFUR



AIRFORCE F3
VEGGHÁFUR
UR STÁLI



AEG B3051-4M
VEGGOFN
UR STÁLI



AEG 6000K-MN
HELLUBORÐ MEÐ
TÖKKUM, STÁL

Tilboðsverð:
Kr. 89.000



30%
AFSLÁTTUR

TEFAL
25%
AFSLÁTTUR



Tilboðsverð:
Kr. 59.990

SOLIS VERÐLAUNAKAFFIVÉL



AEG ÖRBYLGJUOFN

Tilboðsverð:
Kr.8.490

AEG

Tilboðsverð:
Kr.8.990



AEG Turbo T2 rauð/svört
RYKSUGA 1600 W



AEG LAVAMAT 52820
1200/1000/600 sn.6 kg.

Tilboðsverð:
Kr. 69.900

www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
• Öll tækin í eldhúsið
og þvottahúsið

SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800
• Hljómtækin, sjónvörpin
og allar hinar græjurarnar

SMÁRALIND
Sími 530-2900
• Allt úrvalið í Ormsson
Smáralind

RÁDÍONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
• Allt úrvalið í Rádíónaust

Opið í Lág múla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard. frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19, laugard. frá kl. 11-18, sunnud. frá kl. 13-18



KJÖRKASSINN

Styður þú réttindabaráttu samkynhneigðra?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	56%
Nei	44%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu ferðast innanlands í sumar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Tveggja metra há stuðlabergssúla reist til minningar um fórnarlömb flugslyssins í Skerjafirði:

Minnisvarði í fjörukambinum

MINNISVARÐI Minnisvarði um fórnarlömb flugslyssins í Skerjafirði fyrir fimm árum var afhjúpaður í gærkvöld að viðstöddum aðstandendum og öðrum gestum.

Björgunarsveitarmenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins heiðruðu aðstandendur fórnarlambanna með nærveru sinni. Kristín Dýrfjörð hélt stutt þakkarávarp við upphaf athafnanna og þakkaði björgunarsveitum, starfsfólki sjúkrahúsanna og þjóðinni allri fyrir stuðninginn sem aðstandendum fórnarlambanna var sýndur. Í lokin var kveikt á kertum og þeim fleytt í fjörunni en minnisvarðinn er

staðsettur í fjörukambinum til móts við slyssstaðinn í Skerjafirði.

Minnisvarðinn er rúmlega tveggja metra há stuðlabergssúla sem festur er við lítinn steinbekk þar sem hægt er að tylla sér. Á súluna er steipt koparskilti með nöfnum og fæðingardögum þeirra sem létust. Neðst á plattanum stendur: „Hér settist sólin í lifi þeirra en geislarnir lifa áfram með okkur.“

- sgi



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MINNISVARÐI Minnisvarðinn um fórnarlömb flugslyssins í Skerjafirði fyrir fimm árum er stuðlabergssúla. Lítil steinbekkur er festur við hana þar sem hægt er að tylla sér.

Erilsamt hjá björgunarsveitum og lögreglu í hvassviðrinu á Suðvesturlandi:

Bílar með hjólhýsi í eftirdragi fuku út af

VEÐUR Umhlypingasamt var víða á suðvesturhorni landsins í gær og höfðu lögregla og björgunarsveitir ærinn starfa við að bjarga lausum hlutum í verstu hviðunum. Mikill vindstrengur var fyrir Hafnarfjall í Borgarfirði með þeim afleiðingum að þrjár bílar með hjólhýsi og einn með tjaldvagn í eftirdragi fuku út af. Eitt hjólhýsið gjöreyðilagðist.

Vindhraði fór yfir 30 metra á sekúndu þegar mest lét á nokkrum stöðum en þrátt fyrir smávægið tjón víða bárust engar tilkynningar um slys á fólki. Björgunarsveitarmenn voru kallaðir út

á svæðum allt frá Vestmannaeyjum í suðri til Borgarness í vestri. Þeir aðstoðuðu við að festa lausum muni á byggingasvæðum víða auk þess sem gæta þurftu að bátum í höfnum landsins.

Veðurstofa Íslands segir lægðina sem þessu olli á leið yfir landið en dregið hefur úr vindstyrk hennar. Það sé ekki óvanalegt að slíkar lægðir fari yfir landið í ágúst og september en ekkert þessu líkt er þó framundan samkvæmt spám. Suðlægar áttir munu ríkkja næstu daga með fremur stíllu veðri og vætu annars lagis.

- aðe



FLJUGANDI TRAMPÓLÍN Trampólín sem hafa án efa verið eitt vinsælasta leikfangið í gördum fólks þetta árið ollu vandræðum enda létt og fuku auðveldlega um víðan völl. Lögreglumenn í Kópavogi höfðu í nógu að snúast við að koma í veg fyrir að fljúgandi trampólín yllu ekki tjóni eða meiðslum.



ALLT Á TJÁ OG TUNDRÍ Björgunarsveitir aðstoðuðu marga íbúa í Breiðholti í óveðrinu í gær. Lausir hlutir eins og blómaker, garðstólar og annað lauslegt í gördum fólks tókust á loft og fuku í verstu hviðunum. Allt gekk þó vel fyrir sig að lokum og engar tilkynningar bárust um stórtjón vegna þessa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BRÁK FLUGVÉLARINNAR

Hreyfill vélarinnar stöðvaðist örfáum sekúndum áður en hún skall á haffletinum.

Flugslysið við Sikiley:

Þriggja fórnarlamba leitað


PALERMO, AP Björgunarmenn leituðu í gær þriggja fórnarlamba flugslyssins á laugardag sem ekki hafa fundist enn. Á meðan voru tildrög flugslyssins rannsökuð og eftirlifendur spurðir út í atburðina.

Að sögn þeirra sem lifðu slysið af hætti að heyrast í hreyflum vélarinnar nokkrum sekúndum áður en hún skall á haffletinum og ekki gafst einu sinni tími til að klæðast björgunarsvestum.

Sextán létust í flugslysinu en 23 lifðu af. Enginn þeirra sem lifðu af er í lífshættu. ■

www.icelandair.is/stokkholmur

Stokkholmur



Flug og gisting í tvær nætur

Verð frá 34.990 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Birger Jarl

18.-20. nóv., 2.-4. des., 27.-29. jan. og 3.-5. mars.

Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.



út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Benjamin Netanyahu segir af sér sem ráðherra:

Ósáttur við brottfluttning

JERÚSALEM, AP Benjamin Netanyahu, fjármálaráðherra Ísraels og fyrrverandi forsætisráðherra, hefur sagt af sér sem ráðherra í ríkisstjórn Ariels Sharon. Hann segir ástæðuna vera að hann geti ekki samvisku sinnar vegna verið hluti af ríkisstjórn sem standi fyrir brottfluttningi gyðinga af Gaza-svæðinu.

Hann lagði inn afsögn sína á vikulegum ríkisstjórnarfundum í gær og fór í kjölfarið rakið á fund blaðamanna þar sem hann útlístaði ástæðurnar. Hann segir ólíklegt að afsögn sín komi til með

að breyta áformum um brottfluttninginn sem hann segir vera slæm. Hann vill meina að þegar gyðingar eru farnir frá Gaza þá verði svæðið gróðrarstía fyrir hryðjuverkamenn og íslamska öfgamenn. Hann segir það heimsku að virða að vettugi ábendingar leyniþjónustunnar þar um.

Netanyahu sagðist harma að honum gæfist ekki tækifæri til að ljúka við efnahagsumbætur þær sem hann hefði staðið fyrir undanfarin ár en hann gegndi embætti fjármálaráðherra í hálf þriðja ár.

- óá



BENJAMIN NETANYAHU Hann hélt rakið á fund blaðamanna eftir að hafa tilkynnt afsögn sína og útlístaði ástæðurnar.

Sprengjuhótunin í Leifstöð:

Enn óljóst með sakhæfi

LÖGREGLUMÁL Enn er allt óljóst með sakhæfi konu þeirrar er lögregla telur hafa staðið fyrir sprengjuhótuninni í Leifstöð fyrr í vikunni.

Hún er ekki með sjálfræði og er undir umsjón tilsjónarfólks og ekki liggur fyrir hvernig lögin taka á slíkum einstaklingum. Málíð telst þó upplýst að öllu leyti en lögregluþjófur þurfa aðstoð annarra aðila áður en fyrir liggur hvernig farið verður með mál hennar.

- aðe

Femínistafélag Íslands:

Viðhorf KEA fornleg

FÆÐINGARORLOF Femínistafélag Íslands telur viðhorf KEA um að fæðingarorlof eigi ekki að gilda um stjórnendur á háum launum vera fornlegt og þvert á allar jafnréttishugsjónir.

Í fréttatilkynningu frá Femínistafélaginu kemur fram að það furði sig á ákvörðun KEA um að neita Andra Teitssyni framkvæmdastjóra um fæðingarorlof. Einnig furði það sig á ummælum Benedikts Sigurðssonar, stjórnarformanns KEA, en af þeim megi skilja að lög um fæðingarorlof eigi ekki að gilda um þá sem gegna lykilstöðu í sínu fyrirtæki.

- sgi

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegj 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is





VEISTU SVARID?

1 Hvað lagði Árni Magnússon félagsmálaráðherra áherslu á í ræðu sinni á Hinsegin dögum?

2 Hvað eru mörg ár liðin frá kjarnorkuárásinni á Hiroshima?

3 Hver skoraði bæði mörk Chelsea gegn Arsenal um helgina?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Heimsmeistaramót íslenska hestsins lauk í Svíþjóð um helgina:

Þrír heimsmeistaratitlar í höfn

HESTAR Jóhann R. Skúlason krækti í þriðja heimsmeistaratitil sinn í tölta á heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið var í Svíþjóð um helgina. Íslendingar höfðu þremur heimsmeistaratitlum á mótinu: í tölta, fjórgangi og fimmgangi.

Jóhann bar höfuð og herðar yfir aðra keppendur í tölta og sigraði með miklum yfirburðum með hæstu einkunn sem gefin hefur verið á heimsmeistaramóti. Keppnin í fjórgangi var æsispennandi og munaði einungis 0,04 á einkunn Sigurðar Sigurðarsonar sem sigraði og Stians Pedersen frá Noregi sem

varð annar. Íslendingar voru í tveimur efstu sætum í fimmgangi en Styrmir Árnson hreppti gullið nokkuð örugglega á stóðhestinum Hlyni frá Kjarnholtum.

Íslendingum var veitt mikil keppni á mótinu enda geysisterk lið að koma frá löndum eins og Svíþjóð, Þýskalandi og Hollandi. Þó að Íslendingar séu enn sem fyrr í efstu sætum í hefðbundnum hringvallargreinum hafa þeir ekki staðið sig sem skyldi í skeiðinu. Má segja að Svíar hafi burstað Íslendinga og skipuðu þeir efstu sæti í öllum skeiðgreinum keppninnar.

- sgi



TÖLTGARPUR Jóhann R. Skúlason hreppti töltbikarinn í þriðja sinn á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Svíþjóð. Hér er hann á hinum geysiflotta Hvín frá Holtsmúla.

FRÉTTABLAÐIÐ/TIMARITD HESTAR



KÍNVERSKT BARN Unga kynslóðin í Kína fær fræðslu í skólum um þátt Japana í síðari heimsstyrjöldinni.

Stríðslokaafmæli Kinverja:

Vilja enn refsa Japönnum

KÍNA. AP Kinverjar hafa framleitt röö kvikmynda í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá því að Japanar biðu ósigur í síðari heimsstyrjöldinni. Ein af myndunum er teiknimynd sem fjallar um litla hermanning Zangga, sem er skæruliði á táningsaldri.

Kinverjar og Japanar eru tengdir margmilljarða viðskiptaböndum en Kinverjar setja enn fyrir sig framgöngu Japana í síðari heimsstyrjöldinni og segja að þeim hafi ekki enn verið refsað nægilega fyrir brot sín.

Ríkisstjórn Kína sér til þess að Kinverjar gleymi aldrei hvaða hlut Japanar áttu í stríðinu og minna reglulega á hann í kennslubókum og fjölmiðlum.

- sda

Fleiri veggjalús en áður

Meindýraeyðar hafa oft orðið varir við veggjalús í húsum síðustu misseri. Helstu ástæðurnar eru aukin ferðalög á sama tíma og lúsinni fjölgar erlendis. Brynt er fyrir fólki að leita eftir ummerkjum um lúsina á erlendum gistiheimilum.

MEINDÝR Ólafur Sigurðsson, hjá Meindýraeyðingu heimilanna, segir óvenjumikið hafa verið um veggjalús í húsum Íslendinga síðustu misserin og vill brýna fyrir fólki að það sé á varðbergi gagnvart henni á ferðalögum utalands. Auðvelt er að sjá ummerki lúsarinnar. „Ég hef verið í þessu í átta ár og fékk lengst af aldrei meira en eitt tilvik í mánuði,“ segir hann. Nú hafa hins vegar verið nokkur tilvik í mánuði í meira en hálf ár og hann veit til þess að fleiri meindýraeyðar hafi verið að fást við þennan vanda.

Þótt veggjalús berist hingað frá útlöndum getur hún breiðst út hér á landi. Hún fer með veggjum húsa og lætur sig detta niður úr loftinu þegar hún finnur fyrir líkamshita og andardrætti. Síðan gerir hún sér bæli í rúminu, þar sem hún nærast með því að sjúga blóð úr sofandi fólki að næturlagi.

Sé fæðan næg getur hún fjölgað sér mjög hratt.

Ólafur vill að fólk skoði rúm og veggj á gistiheimilum erlendis og leiti eftir ummerkjum lúsarinnar. „Þetta eru margir litlir dökkir blettir sem geta orðið álíka stórir og nöglin á litlafingri.“

Fullvaxin veggjalús er fimm millimetrar og sést vel með berum augum. Þær eru rauðbrúnar að lit, eru þó ljósar í upphafi æviskeiðsins en dekkjast með tímanum. Kvenlúsín getur verpt fimm hundruð eggjum um ævina. Þær koma yfirleitt aðeins fram að næturlagi.

Bit veggjalúsarinnar varir í um fimm mínútur, en að því loknu fer hún aftur í bæli sitt. Bitið er ekki talið hættulegt en getur vald-



UMMERKI VEGGJALÚSAR Úrgangur eftir lúsina sést vel á rúnum og veggjum þar sem hún hefst við. Fullvaxin veggjalús er fimm millimetrar á lengd.

íð kláða og bólgum. Auk óþægindanna

Vesturlöndum en þeim var að mestu útrýmt á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar með notkun eiturfæðisins DDT, sem nú hefur verið bannað.

grs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM

Hjólaskóflur



Liðstýrð hjólaskófla VF 763B

- Perkins I 104-44T 77 kw/105 hp
- Dekk: 404/70R24
- Vinnuþyngd 7.500 kg

Liðstýrð hjólaskófla VF 963

- Perkins I 104C-44. 86KW/117 hp.
- Dekk: 17.5 L24
- Vinnuþyngd 8800 kg.

Í báðum vélum:

- „Bosc Rexroth Hydrostatic Transmission“ stíglaus skipting
- „Speed reduction“ stillanlegur ökuhraði óháður snúningshraða mótors.
- „Inch pedal“ skipting slær út við hemlun vélar.
- Tregðulæsing fyrir fram- og afturdrif.
- „Ride control“ jafnvægisbúnaður á mokstursgálga.
- Öryggisventlar fyrir lyftutjakka.
- Vökvahraðtengi fyrir mokstursskóflu.
- Opnanleg mokstursskófla (4 in 1) með áboltuðum þverskera.
- Lyftaragafflar á lyftaraplani.
- Yfirstærð af rafgeymi.
- Loftstæti fyrir ökomann.

VENIERI – handsmíðaðar gæðavélar

Vélar og þjónusta hefja innflutning á frábærum vinnuvélum frá Venieri. Venieri er einn virtasti framleiðandi vinnuvéla í Evrópu, ítalskt fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir um 900 vélar á ári. Vélar eru ekki settar saman í fjöldaframleiðslulínu heldur er hver og ein handsmíðuð af sérþjálfuðum starfsmönnum. Venieri-vélar hafa reynst framúrskarandi við íslenskar aðstæður og eru á mjög góðu verði.

Eigum Venieri-vélar á lager - komdu og kynntu þér þær!



VENIERI

VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími: 5-800-200

Sandgerði:

Réðust þrír gegn einum

LÖGREGLUMÁL Ráðist var á ungling á sautjándra aldersári í Sandgerði í fyrrinótt með þeim afleiðingum að tönna brotnaði. Voru að verki þrír menn sem lögreglan í Keflavík kannaðist fljótt við eftir lýsingu fórnarlambins og voru þeir yfirheyrðir í kjölfarið.

Unglingurinn hringdi sjálfur eftir lögreglu eftir árásina og var honum komið undir lækni-hendur en ekki lá fyrir hvers vegna mennirnir réðust að honum. Var hann gestur á menningarhátíðinni Sandgerðisdagar í bænum ásamt þegar að honum var veist. Málið telst þegar upplýst að sögn lögreglu.

- aðe

Vestfjarðarprófestsdæmi:

Agnes fyrsti prófasturinn

KIRKJA Fyrsti prófastur Vestfjarðarprófestsdæmis sem stofnað var 1. ágúst er séra Agnes Sigurðardóttir sem er sóknarprestur í Bolungarvíkurprestakalli og hefur verið prófastur Ísafjarðarprófestsdæmis.


Vestfjarðarprófestsdæmi varð til við sameiningu Barðastranda- og Ísafjarðarprófestsdæma en samþykkt var á kirkjuþingi árið 2003 að sameina þau við starfslok séra Braga Benediktssonar, prófests Barðastrandarprófestsdæmis.

Séra Agnes er ein af fjórum kvenpróföstum á landinu en prófestsdæmin eru fimmtán talsins.

- sgi

Thierry Henry Nú aðeins 1.990 kr.

Verð áður ~~1.186.500.000~~ kr.



Thierry Henry
f. 17.8.1977
Arsenal – leikmaður 14
Meistaradeildinni á SÝN

Henry

SÝN á 1990 kr.
fyrir ADSL notendur
Og Vodafone

Nú fá ADSL notendur hjá Og Vodafone áskriftina að SÝN fyrir aðeins 1990 kr. á mánuði.

Allir leikirnir sem skipta máli eru á Sýn

Meistaradeild Evrópu - Enski bikarinn - Enski deildarbikarinn - Enska landsliðið - Íslenska landsliðið
HM 2006 - NBA - NFL - Box - Spænski boltinn - Ítalski boltinn - Evrópukeppni félagsliða



Heyrumst!

Þú horfir áfram á SÝN á Digital Íslandi eða gamla góða myndlyklinum. Fullt verð á SÝN er 4290 kr. á mánuði.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar og skráningu.

Mitt kort hjá Landsbankanum

ÍSLENSKA AÐGÆTUNINGASÍÐAN VÍSIS LÍÍ 2014 47/205



Björn Þór
Grafiskur hönnuður



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is



Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**

SVONA ERUM VIÐ

Algengustu kvenmannsnöfnin

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SLYS Á ÖLDRUÐUM

Slasast oftast innan veggja heimilisins

Aldraðir eiga frekar á hættu að slasa sig en aðrir hópar fullorðinna. Landlæknir hefur gert úttekt á orsökum og eðli slysa aldraðra árið 2003 og komst að þeirri niðurstöðu að með fyrirbyggjandi aðgerðum mætti koma í veg fyrir mörg slysa. Það sé einkum mikilvægt í ljósi þess að slys á borð við beinbrot geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífsgæði hins aldraða.

Hvar eiga eldri borgarar helst á hættu að slasa sig?

Tæplega tvö af hverjum þremur slysum verða á eða við heimili þess aldraða. Slys á umferðarsvæðum, í verslunum eða á öðrum þjónustusvæðum, hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum eru mun færri. Innan veggja heimilisins verða flest slys í svefnherbergi eða stofu, þar sem flestir eyða hvað mestum tíma.



Næstflest slysa átta sér stað í eldhúsi. Meirihluti aldraðra var á gangi eða hlaupum þegar slys átti sér stað.

Hverjar eru helstu orsakir áverka?

Algengasta orsök slysa hjá 65 ára og eldri er einhvers konar fall, en tvö af hverjum þremur slysum urðu með þeim hætti. Mikill meirihluti slysa varð vegna falls á jafnsléttu en nokk-

uð er um að aldraðir falli úr stíga. Eitt prósent fallslysa er vegna falls úr meira en eins metra hæð. Tíðni fallslysa eykst með hækkandi aldri. Tæp sextán prósent slysa urðu hins vegar við einhvers konar árekstra og er það næstalgengasta orsök slysa.

Hver urðu afdrif hinna slösuðu?

Tæplega tuttugu prósent aldraðra sem leituðu til slysaábyrgðar árið 2003 voru lagðir inn en aldraðir eru taldir tíu sinnum líklegri til þess að leggjast inn á sjúkrahús í kjölfar byltu en börn. Eftir því sem aldurinn færir yfir leggst stærrí hluti þeirra sem slasast inn á sjúkrahús, með þeirri undantekningu þó að fólk í elsta aldurshópnum, níutíu ára og eldra, virðist síður leggjast inn á sjúkrahús en fólk á aldrinum 85 til 89 ára.

SPURT & SVARÐ

ÚTGERÐ Á BILDUDAL



GUÐMUNDUR SÆVAR GUÐJÓNSSON
Forseti bæjarstjórnar Vesturbýggðar.

Hér verður alltaf útgerð

Fyrir í sumar hætti útgerðarfyrirtækið Bílddælingur ehf. starfsemi sinni en það er stærsti atvinnuveitandinn á Bíldudal. Guðmundur Sævar Guðjónsson er forseti bæjarstjórnar Vesturbýggðar.

Er útséð með það að útgerð geti þrífist á Bíldudal?

Hér verður alltaf útgerð, það er ósköp einfalt. Þetta hefur hins vegar gengið afar bröðuglega síðustu ár en ástæðan er alltaf sú sama og hún er sú að aldrei hefur verið úr nægum veiðheimildum að móða.

Hvert er framhaldið í útgerðarmálum bæjarins?

Þeir sem stóðu að Bílddælingi eru að reyna að tryggja betri rekstrarskilyrði. Við höfum rætt við þingmenn kjördæmisins og mætt miklum skilningi þar svo nú er Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða að greina rekstur Bílddælings og að því loknu verður brugðist við með viðeigandi hætti.

Fimm aldraðir slasast dag hvern

Eldri borgarar verða oftast fyrir slysum en aðrir hópar fullorðinna, einkum á heimilum sínum. Yfirleitt verða slysin af völdum falls og eru beinbrot algeng afleiðing. Hægt er að koma í veg fyrir mörg slysa með einföldum aðgerðum.

Fimm aldraðir slasast dag hvern og verða eldri borgarar oftast fyrir slysum en aðrir hópar fullorðinna. Einkum er öldruðum hætt við að verða fyrir slysum á heimilum sínum og í frítíma.



FRÉTTASKÝRING
SLYS Á ÖLDRUÐUM

HELGA TRYGGVADÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

„Við töldum ástæðu til þess að fara sérstaklega ofan í saumana á slysum aldraðra, sér í lagi vegna þess að hægt er að beita forvörnum til þess að koma í veg mörg slysa,“ segir Matthías Halldórsson aðstoðarlæknir en Landlæknisembættið gerði á dögnum úttekt á orsökum og eðli slysa aldraðra árið 2003.

Komið í veg fyrir slys

Fall er algengasta orsök slysa aldraðra og varð yfirgnæfandi meirihluti þeirra á eða við heimili þess aldraða að því er fram kemur í úttekt Landlæknis.

Hægt er þó að búa þannig um

hnútana að minni líkur séu á því að fólk detti heima hjá sér að sögn Matthíasar. „Gamla fólk þarf eitthvað til þess að halda sér í, forðast sleipar mottur auk þess að vera með gleraugun sín,“ segir Matthías. „Góð lýsing hjálpar einnig mikið til.“

Slysum vegna falla aldraðra má í um helmingi tilfella rekja til ytri þátta. Má þar nefna hál gólf, lélega lýsingu og lausar mottur.

Sjúkdómar valda hættu

Hinn helmingi falla aldraðra má aftur á móti rekja til einstaklingsbundnari þátta að því er gögn Landlæknis gefa til kynna. Vandamál í neðri útlímum, erfíðleikar við göngu, áhrif lyfja og bráðir sjúkdómar eru þeirra á meðal.

Sumir sjúkdómar og lyf valda svima að sögn Matthíasar. Samfara því eykst hættan á því að gamalt fólk detti og slasi sig jafnvel. „Blóðþrýstingslyf eru meðal þeirra lyfja sem valda svima, sérstaklega ef staðið er snögg upp,“ segir Matthías. Þá hafi öldrunarlæknar bent á að aldraðir hérlendis noti meira af svefnlyfjum en þekkist víðast hvar annars staðar.

Konur slasast frekar

Eldri konur slasast frekar en jafnaldrar þeirra úr hópi karla og má það rekja til þess að þær eru oft virkari á heimilinu að sögn Matthíasar. „Konur eru oft að hengja upp gardínur og annað slíkt,“ segir Matthías. „Það gerar karlar síður, einkum af þessari kynslóð.“ Matthías bendir á að konum sé einnig hættara við beinbroti vegna beinþynningar, sem algengari er meðal kvenna.

Þróunin snýst þó við í elsta aldurshópnum en körlum yfir 95 ára aldri er hættara við slysum en konum á sama aldri.

Afleiðingar slysa oft alvarlegar

Tæp tuttugu prósent aldraðra sem koma á slysaábyrgð eru í kjölfarið lögð inn á sjúkrahús, og er það mun hærra hlutfall en í öðrum aldurshópum. Beinbrot eru oft ástæða innlagnar að sögn Matthíasar.

„Beinbrot eru hættulegri en margir gera sér grein fyrir,“ segir Matthías og bendir á að dánartíðni fyrsta árið eftir beinbrot eykst um tíu til fimmtán prósent miðað við þá sem ekki brotna. Oft er um mjaðmarbrot eða brot á lærlegg að ræða og getur aðgerð í kjölfarið reynst eldra fólk hættuleg.

Lengur á sjúkrahúsi

Bein gróa seinna eftir því sem fólk eldist og gamalt fólk getur því búist við því að glíma lengur við beinbrot

Hvernig á að koma í veg fyrir slys?

- Bæta aðbúnað á heimili
- Koma fyrir handföngum eða öðru sem hægt er að halda í
- Festa mottur vel
- Gripa til gleraugna ef með þarf
- Bæta lýsingu



ELDRI KONUM HÆTTARA VIÐ SLYSUM Konur eru oft virkari inni á heimilum sínum og lenda því oftast í slysum en jafnaldrar þeirra úr hópi karla. Myndin er sviðsett.

en þeir sem yngri eru. „Gamalt fólk þarf því oft að liggja inni allengi, einnig vegna þess að margir eru í þeirri stöðu að geta ekki verið heima hjá sér þegar eitthvað bjátar á,“ segir Matthías. „Því er fólk jafnvel komið fyrir á öldrunarstofnunum í kjölfar slysa.“

Landlæknir bendir einnig á að sálræn áhrif falls séu oft töluverð og eldra fólk verði oft hrætt við að detta aftur. Það geti aftur leitt til þess að fólk hreyfi sig minna og missi í kjölfarið enn frekar styrk og þor.

Slysavarnir besta leiðin

Mikill kostnaður fylgir innlögnum á sjúkrahús vegna meiðsla eins og mjaðmarbrota, sem algengust eru í elstu aldurshópnum. Sem dæmi má nefna að meðalkostnaður vegna mjaðmarbrotsinnlagnar nemur tæplega sjö hundruð þúsund krónum. Þá er ótalin sú skerðing á lífsgæðum sem beinbrot hafa oft í för með sér fyrir eldra fólk.

Miklum árangri er þó hægt að ná með einföldum aðgerðum sem stuðla að því að gera heimilið að öruggari verustað að sögn Matthías-

ar. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að öldruðum fjölga sífellt og enn frekari breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar er að vænta á næstu árum. ■

Stafurinn besta forvörnin

